

## **Reglugerð nr. 22**

### **Íslandsmótið í Íshökkí Meistaraflokkur kvenna**

**22.1 Leikir og lið** Fjöldi leikinna umferða fer eftir ákvörðun stjórnar ÍHÍ að genginni tillögu móta og dómaranefndar.

**22.1.1.** Fjögur lið hið minnsta skulu leika í mótinu. Undanþágu frá þessum fjölda má stjórn ÍHÍ veita í öllum flokkum.

**22.1.2.** Hverju félagi er heimilt að skrá fleiri en eitt lið til keppni. Félag sem skráir fleiri en eitt lið til keppni skal gefa liðunum nöfn. Liðin teljast alltaf hluti af upprunafélaginu og hafa sömu réttindi og skyldur. Tilkynna skal til ÍHÍ eigi síðar en þremur klukkustundum fyrir fyrsta deildarleik, hvaða leikmenn tilheyra hverju liði.

**22.1.3.** Félögunum er heimilt í hverjum leik fyrir sig að færa fjóra leikmenn auk markmanns milli liða.<sup>(1)</sup> Noti félag fleiri en fjóra útileikmenn auk markmanns samanber 22.1.2. teljast umfram leikmennirnir ólöglegir og skal farið með málið samkvæmt lögum og reglum ÍHÍ um ólöglega leikmenn.

**22.1.4.** Félagi sem teflir fram tveimur liðum er heimilt dagana 28. – 30. desember að gera breytingar á liðum sínum sbr. 22.1.2. Tilkynna skal skrifstofu ÍHÍ breytingarnar.<sup>(3)</sup>

**22.2. Leikreglur** Allir leikir gefa þrjú stig og skiptast þau þannig á milli liða:

**22.2.1.** Sigur gefur sigurliði 3 stig.

**22.2.2.** Jafntefli gefur hvoru liði um sig 1 stig. Leikið er áfram 1 x 5 mínútna framlenging bráðabani með fjóra útlendandi leikmenn þar til annað liðið skorar (gullmark) þá skal það lið hljóta aukastig eða þriðja stigið sem úthlutað er.

**22.2.3.** Náist ekki úrslit í bráðabana, samanber 22.2.2, skal háð vítakeppni þar sem hvort lið tekur 3 víti sem tekin eru af sitthvorum leikmanninum. Náist ekki úrslit í vítakeppni skal háður vítabráðabani. Heimilt er að nota alla leikmenn liðsins í vítabráðabana og/eða sama leikmanninn aftur og aftur.

Leikmaður eða leikmenn sem eru að taka út refsingu í refsiboxi þegar bráðabana lýkur eða hefur verið vísað af velli geta ekki tekið víti.

**22.3.** Tvö efstu lið forkeppninnar leika síðan til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Stjórn ÍHÍ ákveður fjölda leikja í úrslitakeppni. Leikið skal heima og að heiman, þ.e. alltaf til skiptis. Það lið sem er efst að stigum eftir forkeppni velur fyrsta leikstað. Jafntefli gilda ekki í úrslitakeppninni.

**22.3.1.** Séu lið jöfn að stigum eftir forkeppni gildir markatala en sé hún einnig jöfn gildir markatala í innbyrðis viðureignum. Ef markatala úr innbyrðis viðureignum er einnig jöfn gilda fleiri mörk á útivelli. Sé það einnig jafnt skal spila úrslitaleik um sæti í úrslitum en kasta upp á valrétt um leikstað.

**22.3.2.** Sendi félag fleiri en eitt lið til keppni skulu mörk þess liðs sem slakasta árangrinum nær, innan sama félags, ekki telja í markatölu annarra liða samanber 1. mgr 22.4.1.<sup>(5)</sup>

**22.3.3.** Sendi félag fleiri en eitt lið til keppni skulu þau sameinuð áður en til úrslitakeppni kemur.<sup>(2)</sup>

**22.4.** Greinin var felld út.

**22.4.1.** Heimilt er að fella niður úrslitakeppni ef skráð lið til keppni eru færri en 3.

**22.5.** ÍHÍ er eigandi að Íslandsmóttinu í íshökkí. Stjórn ÍHÍ fer með öll réttindi er varða mótið.

Meðal réttinda ÍHÍ eru:

1. Réttindi til að semja við styrktaraðila um nafn á mótið
2. Réttindi til að semja um útsendingar í sjónvarpi frá leikjum.

**22.6.** Leikmönnum yngri en 18 ára þó aldrei yngri en 12 ára, er óheimilt að spila eða æfa með meistaraflokki, nema að fyrir liggi hjá ÍHÍ undirrituð skrifleg yfirlýsing, sem gefin er út af ÍHÍ og heitir "Leikmaður undir aldri". Eftirfarandi aðilar skulu undirrita yfirlýsinguna:

**a) Leikmaðurinn**

**b) Foreldri/forráðamaður leikmannsins.**

Yfirlýsingu þessa þarf að endurnýja fyrir hvern og einn leikmann við upphaf hvers keppnistímabils.

**22.7.** Stjórn ÍHÍ er heimilt að breyta reglugerðinni hvenær sem er á tímabilinu.

**22.7.1.** Heimilt er að skrifa nánari útskýringar við reglugerðina og teljast þær hluti af reglugerðinni.

Nánari útskýringar:

1) 22.1.3. Flutningur á fjórum leikmönnum er heimill milli félaga og einnig liða innan félaga ef liðin eru fleiri en eitt.

2) 22.3.3. Á við þar sem úrslitakeppni er leikin.

3) 22.1.4 Báðir dagar.

5) 22.3.2 Reglunni er ætlað að koma í veg fyrir að tvö lið sama félags hagræði úrsltium til að markatala þeirra verði félaginu hagstæð.